

Flúðaskóli júní 2021

Freyja Þorkelsdóttir, Halla Gunnarsdóttir og Fríður Sæmundsdóttir

Starfsskýrsla yngsta stigs 2020 - 2021

Stigsstjóri hefur hagsmuni yngri nemenda í fyrirrúmi. Á liðnum vetri voru haldnir stigsfundir á yngsta stigi ca. vikulega á miðvikudögum eftir kennslu. Samstarf fór auk þess fram með óformlegum hætti þegar á þurfti að halda. Fundina sátu umsjónarkennarar á yngsta stigi: Freyja Þorkelsdóttir, Halla Gunnarsdóttir og Fríður Sæmundsdóttir. Einnig sátu stuðningsfulltrúar fundi með okkur og aðrir kennarar ef þurfti. Viðfangsefni funda var fyrst og fremst að skipuleggja samstarf milli nemenda og kennara þessara stiga. Samvinna var um ákveðin þemu, t.d. þorrablot, jólahringekju og ferðir. Stigsstjórar hafa séð um sameiginleg formleg bréf eða tilkynningar til forráðamanna nemenda sem og innkaup ef eitthvað hefur vantað fyrir stigið í heild.

Í vetur voru nemendur 28 í 1.-4. bekk við Flúðaskóla.

Samkennsla

Samkennsla var í vetur hjá 2.-3. bekk og 4.-5. bekk í nánast öllum greinum.

Verkstæði

Í vetur var haldið áfram með verkstæði í list- og verkgreinum. Verkstæði var skipt upp í 3 annir hjá 2.-4 bekk. Nemendum var skipt upp í hópa eftir bekkjum. Þetta var textílmennt, myndmennt og smíði. 1. bekkur fékk eina klst. á viku í öllum þessum greinum. Umsjónarkennari var með verkgreinakennara í þessum tímum.

Morgunhressing og síðdegishressing

Í vetur fengum við bæði morgun - og síðdegishressingu úr mötuneyti skólans. Við fengum ávexti og grænmeti skorna úr eldhúsi sem var mjög gott. Það voru margir nemendur sem nýttu sér þetta frábæra tilboð og er það ánægjulegt. Í vetur var í boði fyrir alla að fá mjólk, endurgjaldslaust.

Haustferð - Tungufellsdalur

Við fórum frá skólanum að morgni með skólabílum og keyrðum að Tungufelli. Þar hittum við Ellu Jónu og fengum að skoða Tungufellskirkju. Við héldum svo áfram inn í Tungufellsdal og löbbuðum inn að Svartárgljúfri. Lékum okkur þar og fórum í smá göngu upp á Tófuhól. Grilluðum pylsur í hádeginu og nutum dagsins áfram. Á heimleiðinni ætluðum við að fá að stoppa hjá Fossi og fá að borða seinna nestið þar við fossinn en slepptum því vegna mikillar rigningar. Enduðum daginn í skólanum þar sem við borðuðum seinna nestið.

Vorferð - Slakki, Kónsvegur og Haukholt

Við fórum frá skólanum að morgni með skólabílum í Slakka. Þar fengum við að skoða dýrin, fara í minigolf og leika okkur. Fórum að Brúarhlöðum þar sem við grilluðum okkur pylsur í hádegismat, fórum í leiki og höfðum gaman.

Gengum gamla Kónsveginn að Haukholtum þar sem við fengum að skoða lömbin og borðum seinniparts nestið okkar. Vorum sótt þangað.

Hringekja rúllar á yngsta stigi með haust- og vorferðir (eru alltaf í þróun)

Haustferðir: Fjöruferð - Gönguferð um Hrepphóla og Núpstún - Þjórsárdalur (Gjáin) - Haukadalur (Gullfoss austan megin).

Vorferðir: Haukadalsskógur (Tungufellsdalur) - Miðfell - Efra-Sel (Álfaskeið) (Sólheimar-Hruni) (Slakki-Brúarhlöð) - Hruni.

Aðrar uppkomur og ferðir

Haustkynningarfundir: Skólafærninámskeið frá Skólalþjónustunni fyrir foreldra hjá 1. bekk var á zoom í september kl.16.00. Dræm mæting var á fundinn en farið var yfir helstu atriði með foreldrum. Engin sameiginlegur kynningarfundur var fyrir foreldra 2.-7. bekkjar vegna covid.

Gönguferð að hausti í Gildurhaga 12. september: Engin gönguferð vegna covid.

Réttardagurinn: Vegna breyttra aðstæðna í samfélaginu var skóli á Réttardaginn (11. september). Foreldrar sóttu um leyfi fyrir þau fáu börn sem fengu að fara í réttirnar. Í sárabætur fyrir að fá ekki að fara í réttirnar var haldin loftboltahátíð í íþróttahúsinu þar sem stigin skiptust á að leika sér með loftbolta.

Skák: Árni kom inn í 1.-4. bekk með skák kennslu í ca. 10 skipti. Gekk vel og krakkarnir ánægðir. Mætti vera meira. Um miðjan febrúar hófust skákæfingar í Flúðaskóla sem voru opnar öllum nemendum. Æfingarnar voru á fimmtudagögum milli kl. 15-16. Árni og Ólafur Hlynur Guðmarsson sáu um æfingarnar í samstafi við SSON.

Dagur læsis: Í kringum dag læsis, 8. september voru veittar viðurkenningar fyrir sumarlesturinn.

Ólympíuhlaup ÍSÍ: 15. september stóð Flúðaskóli fyrir Ólympíuhlaupi ÍSÍ og var þátttaka góð. 1.-4. bekkjar höfðu val um að fara 2,5 km eða 5 km og er skemmst frá því að segja að við eigum fullt af hlaupahetjum því margir hlupu nánast alla leiðina. Hlaupið er annars fyrst og fremst til að efla almenna hreyfingu, hvenjum og einum til heilsubótar.

Evrópski tungumáladagurinn, 26.september: Samstarf var milli 1.-7. bekkjar í tengslum við „Evrópska tungumáladaginn“ . Nemendur unnu í aldursblöndum hópum og gekk verkefnið vel og var skemmtileg. Hver hópur átti að þýða og leika hinn sívinsæla brandara um tómata tva á sitt hvert tungumálið. Einnig áttu þeir að segja tölurnar 1-10 á því tungumáli sem þeir fengu í hendur. Í lokin komu allir nemendur saman og sýndu afrakstur sinn.

Heimsókn í Gömlu laugina: Bjösssi og Agnes eigendur „Gömlu laugarinnar“ buðu öllum nemendum Flúðaskóla í laugina. Þriðjudaginn 29. sept. fór 4.-7.bekkur í

laugina og skemmtu sér hið besta. Heilmikil rigning en mjög góð ferð. 1.-3. bekkur fór í laugina miðvikudaginn 30. september.

Skáld í skólum: Aflýst vegna covid.

List fyrir alla: Aflýst vegna covid.

Hrekkjavaka: Í lok október var Hrekkjavökunni gerð góð skil. Skólinn var skreyttur og allir gerðu grímur og tóku þátt í alls kyns uppbroti. Viðurkenna þarf að sumt var þínu hryllilegt en annað bara venjuleg verkefni sem voru skreytt „Halloween-myndum“. 1.-7. bekkur kom saman og spilaði „Hrekkavöku-bingó“. Í vinning var frekar „hryllileg upplifun“. Hún var á þá leið að setja höndina í fötu sem innihélt eitthvað frekar ógeðslegt s.s. eins og norna-fingur, skrímsla-augu, skrímsla-eyru, zombie-heila og fleira ógeðslegt. Eftir bingóið fengu svo allir að taka áskorun um að prófa þetta allt ef þeir vildu. Í lok dagsins horfðum við á mynd og borðuðum popp.

Sinfoníuhljómsveit Suðurlands: 16. september kl.13. Lásur söguna Lykillinn fyrir krakkana og fengum svo heimsókn í félagsheimilið frá Sinfoníuhljómsveit Suðurlands sem flutti okkur söguna og tónverkið Lykillinn.

Samræmd próf: 4. bekkur þreytti samræmd próf í íslensku og stærðfræði 30. september og 1. október.

Halldórsmótið í skák: Halldórsmótinu (sem vanalega er haldið í kringum afmælisdag Halldór húsvarðar) var frestað vegna covid-19 en það hafðist svo að halda það skömmu eftir áramót. Margt er breytingum háð í covid og fögnuðum við því að mótið skyldi vera haldið þótt engar væru vöflurnar og enginn glassúrinn þetta sinnið. Keppt var í tveimur flokkum eins og endra nær, 3.-7. bekk og svo 8.-10. bekk.

Dagur íslenskrar tungu, 16.nóvember: Í tengslum við „Dag íslenskrar tungu“ komu 1.-7. bekkur saman og unnu ýmis verkefni í tilefni hans. Engir foreldra máttu kom vegna covid-19 svo dagurinn var með öðru snið en venjulega.

1.-7. bekkur vann líka í sameiningu skemmtilegt verkefni. Það var þannig að allir nemendur fengu eitt orð sem þeir höfðu aldrei heyrt áður. Nemendur áttu svo að giska á það hvað orðið merkir og teikna mynd. 3-4 nemendur fengu reyndar sama orðið en unnu hver í sinni stofu og útkoman var vægast sagt mjög skemmtileg.

Dæmi um orðin sem nemendur unnu með eru:

Lækjarkatrín, Konungur, Krummaolía, Letigarður, Posasnígill, Jakobsepli, Fjósni, Gangfluga, Hundabörkur, Ustur, Bónmeri, Fishæll, Pilsgopi.

Brunavarnir: 15. desember fékk 3. bekkur netheimsókn frá Brunavörnum á teams. Það var hann Guðmundur sem kenndi þeim heilmargt um brunavarnir og sendi svo krökkunum bæklinga og getraun til að taka þátt í. Þeir krakkar sem skiluðu inn getrauninni fengu lítið vasaljós að gjöf. Getraunin var unnin í skólanum.

Jólahringekja: Jólahringekja hjá 1.-7. bekk var haldin fimmtudaginn 10. des. Vegna covid-19 þurftum við að halda bekkjunum aðskildum en allir unnu þá sömu verkefni. Kennarinn var kyrr á stöð og bekkjareiningin kom til hans. Fjórar stöðvar í 40 mín hver, sem sagt fjögur verkefni.

Opin vika, 9.-13. desember: Voru engar opnar vikur í vetur vegna covid.

Litlu jólin, 18. desember: Ekki var hægt að halda hefðbundin Litlu- jól vegna covid-19. EN þess í stað voru bar stofujól með pakkaleik, jólasögu og leikjum. Skólinn gaf hverjum nemanda jólasveinanammipoka í sárabætur vegna samkomutakmarkanna. (Pakkinn átti að kosta að hámarki 1000 kall)

Bóndadagur og konudagur: Börnin skrifuðu falleg orð til mömmu og pabba í tilefni þessara daga.

Porrahringekja, 4. febrúar: 1.-4. bekkur, allir gerðu trog, hjálm og vinabönd.

Porrablót 5. febrúar: 4. bekkur var með ýmsan fróðleik og upplestur. Fórum í gamla leiki og gamlar gátur. Svo var sungið, leikið og smakkað á porramat. Vorum í Lúsíuhól.

Öskudagsskemmtun 26. febrúar: Öskudagsskemmtunin var á sínum stað. Foreldrafélagið sá um tunnugerðina og nammipokana en fékk Guðbjörgu Viðarsd. til að sjá um leikina og stjórnar skemmtuninni hjá yngri og miðstigi þar til kom að tunnuslættinum. (Árni Þór var fenginn til að sjá um unglingsdeildina). Kennarar sem voru á vakt voru líka duglegir að hjálpa til og tókst skemmtunin mjög vel. Skemmtunin byggðist á leikjum, dansi, marseringu og Ásadansi. Hún gekk mjög vel og krakkarnir einstaklega virkir þátttakendur.

Skólahreysti: Fimmtudaginn 11. mars var undankeppni fyrir Skólahreysti. Mið- og yngsta stigi var boðið að koma út í íþróttahús og fylgjast með.

Árshátíð 1.-7. bekk (24. mars): Árshátíð 1.-7. bekkjar var haldin miðvikudaginn 24. mars (í síðustu vikunni fyrir páskafrí). Á skóladagatali var hún skráð 28. okt. en vegna covid-19 var henni frestað. Þetta árið var þemað „þjóðsögur“ og setti hver bekkjareining saman sitt eigið leikrit. Árshátíðin var þó með minna sniði þetta árið vegna yfirstandandi covid-vandkvæða og var hún haldin í Kvíadal í Flúðaskóla en ekki í Félagsheimilinu eins og vanalega.

Umsjónarkennararnir unnu flotta vinnu við að koma salnum í skemmtilegan búning sem endaði á því að hann varð að litlu leikhúsi. Hvert heimili mátti bjóða tveimur gestum og héldum við tvær sýningar, fyrri klukkan 15:00 og sú seinni 16:30. Með þessu móti gátum við boðið öllum upp á sýningu í þessum litla sal. Í upphafi sungu allir krakkarnir kröftuglega „Tröllalagið“ og gaf það tóninn fyrir af skemmtilega samsetningu. Yngstu krakkarnir byrjuðu svo sín leikrit og svo koll af kolli þar til elsta bekkjareiningin 6.-7. stóð á sviði. Botninn var svo sleginn í hátíðina með því að allir krakkarnir sungu saman lagið „Í Hlíðarendakoti“ (Fyrr var oft í Koti kátt). Á eftirfarandi slóð má sjá myndir samsettar af Guðbjörgu

<https://youtu.be/qreZfzJw0wY> .

Til stóð að setja vídiósýninguna á netið en okkur er ekki kunnugt hver staðan er á því verki.

Lokaæfing árshátíðar Þjórsárskóla: 1.-7. bekkur þáði boð þeirra.

Dagur barnabókarinnar 11. apríl: Dagur barnabókarinnar var í föstudaginn 11 apríl og af því tilefni hlustuðu bekkirnir á smásöguna „Svartholið“ eftir Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur á úrvarpsrásinni Rás 1. Í sögunni er vísað í þekkt ævintýri en við erum einmitt að fjalla um einkenni ævintýra þessa dagana. Söguna má finna á eftirfarandi slóð: <https://ibby.is/2021/04/01/smasagan-svartholid-i-tilefni-af-degi-barnabokarinnar-2021/>

Opin vika, 22.-26. mars: Var ekki vegna covid!

Reiðhjólahljálmar 16. apríl: 1. bekkur fékk gefins reiðhjólahljálma frá Kiwanis og Eimskip.

Umhverfisdagurinn 12.maí: Nemendur Flúðaskóla tóku þátt og fóru 1.-4. bekkur ásamt leikskólanum um svæðið næst skólunum og tíndu rusl, óvenju lítið rusl í ár. Allir fengu svo safu og grillaðar pylsur að launum fyrir þátttökuna.

Sundmót 26.maí: Guðbjörg var með sundmót fyrir 1. - 4. bekk. Mótið hjá yngsta stiginu var skemmtilegt og vel skipulagt. Krakkarnir mjög ánægð á eftir.

Vorhátíð í Flúðaskóla 2.júní: Vordagurinn sem var miðvikudaginn 2. júní frá kl. 10-12 var líka skemmtilegur. Vegna rigningar var hann haldinn inni í íþróttahúsinu. Öllum nemendum Flúðaskóla blandað í hópa, þvert á aldur og fór svo hver hópur á 11 mismunandi stöðvar sem skipulagðar voru af 11 kennurum. Hóparnir söfnuðu stigum og í lokin voru úrslitin tilkynnt.

Forskólakynning tónlistarskólans: Tónlistarskóli Árnesinga kom með hljóðfærakynningar fyrir 2. bekk. Þetta voru 6 heimsóknir yfir veturinn og tókst þetta fyrirkomulag mjög vel. Nokkrar heimsóknir frestuðust vegna covid en það náðist að klára þær með vorinu.

Litla upplestrarkeppnin 10.maí: Var ekki formlega en haldin var bekkjarhátíð þar sem nemendur spiluðu á hljóðfæri og lásu. Sett voru myndbönd á facebook fyrir foreldra að sjá.

Skólaslit Flúðaskóla 2021: voru föstudaginn 4. júní. Þau voru með svipuðum hætti og í fyrra. 1.-9. bekkur átti klukkutíma stund með umsjónarkennara sínum, hver í sinni stofu, og þar fengu nemendur m.a. afhentan vitnisburðinn. Allt nánara námsmat er svo að finna á mentorum.

Kennarar söknuðu þess að hópurinn hittist ekki allur saman á sal í smá stund, t.d. til að syngja nokkur lög og skólastjóri væri með smá tölu og sliti skólanum

Annað

Hugarfrelsi: Allt starfsfólk skólans sótti námskeið hjá Hugarfrelsi í vetur og hafa nýtt sér það efni vel. Hefur gefist mjög vel.

Vinaliðaverkefni: Árni stýrði þessu verkefni og voru allir nemendur í 3.-7. bekk vinaliðar. Þetta gafst vel og kemur vel út að allir nemendur séu vinaliðar. Mikilvægt að áfram sé vinaliðapar úr sama hópi.

Bókasafnsheimsóknir: Inga Jóna tók á móti litlum hópum úr 1.-4. bekk þar sem hún fræddi þau um bókasafnið og las fyrir þau.

Samstarf bekkja: Óvenju lítið var um samstarf bekkjanna á yngsta stigi í vetur en þó eitthvað. Þorrablót og jólahringekja. 1.-3. bekkur vann stórt verkefni um Hafið í samvinnu.

Mentor: Mentor er notaður á yngsta stigi til að skrá ástundun og ef einhver sérúrræði eru í gangi fyrir nemendur. Við erum smám saman að læra betur að

nýta okkur verkfærin sem Mentor bíður upp á í ríkara mæli. Á yngsta stigi eru nánast eingöngu notaðir netmiðlar, þ.e. facebooksíða, Mentor og tölvupóstur vegna tilkynninga og heimanámsáætlana. Allt námsmat fer fram á mentor.

Vefurinn: Mikið af kennslutengdu efni er á vefnum. Hann gagnast kennurum vel. Skólinn kaupir áskrift að Skólavefnum, 123 skóli og mikið er inn á vef Námsgagnastofnunnar.

Orð af orði: Orðabrenna vikunnar hélt áfram í vetur fram að áramótum og tók yngsta stig þátt í því. Höfum þróað okkur áfram í sögugerð meðal annars með frjálsu sögubókinni.

Leikskólasamstarf: er í föstum skorðum. 1. bekkjar kennari hefur séð um þessi samskipti við leikskólann. Miðað er við að leikskólabörnin fái að koma í heimsókn ekki sjaldnar en tvisvar sinnum í mánuði og fái að kynnst sem flestum námsgreinum. Heldur margar og langar pásur inn á milli vegna covid, náðu td. ekki að fara í sund, heimilisfræði og smíði.

Sumarlestur: Það hefur skapast sú hefð að nemendur hafi með sér heim í sumarfrí lestrarhefti sem hvetur þau til að lesa í sumarfríinu. Þetta hefur tekist mjög vel til. Þeir sem ná markmiði sumarlestursins fá smá viðurkenningu að hausti.

Foreldrasamstarf: Það er áhyggjuefni hve ótryggt það er hversu mikið eða oft foreldrar fylgjast með skilaboðum og samskiptum frá skólanum, s.s. að lesa tölvupóst, mentor upplýsingar (bæði heimavinnu og námsmatsupplýsingar). Einnig er áhyggjuefni hversu illa þeir skila sér á almenna foreldrafundi þar sem oft á tímum er fræðsluefni sem erfitt er að finna annars staðar s.s. fyrirlesarar og annað.

Tillögur

* Gott væri að fá bekkjarsett af spjaldtölvum inn í hverja stofu. Passa verður að hægt sé að setja upp öll þau forrit sem nýtast okkur, að þeir séu ekki of gamlir.

* Höfum í vetur fengið morgun - og síðdegishressingu úr mötuneyti sem samanstendur af ávöxtum og grænmeti. Passa þarf að hressingin sé komin á réttum tíma og að hún sé nægilega mikil miðað við hópinn. Passa upp á fjölbreytileika og að sami ávöxturinn sé ekki marga daga í röð.

* Halda áfram með allskonar föndur og skógarvinnu í aldursblönduðum hópum, t.d. í hringekjuformi.

* Frábært hvað fleiri hefðir í samstarfi við leikskólann eru að aukast t.d. í kringum jól og fl. Halda því áfram.

* Nauðsynlegt er að hafa í huga við töflugerð kennara á yngsta stigi að þeir eigi samliggjandi tíma með bekkjum sínum a.m.k. þrisvar sinnum í viku. Það auðveldar samstarf á stiginu.

* Mikilvægt að umsjónarkennarar á yngsta stigi byrji alla daga með bekknum sínum.

* Hafa í huga við töflugerð að greinar eins og sund, smíði, heimilisfræði, myndmennt, íþróttir séu ekki of mörg á einum degi.

* Hafa stofugang reglulega til að skoða vinnu hjá hvort öðru og fá hugmyndir og ráð.

* Gaman væri að hafa fleiri daga eins og bleika dag, hatta dag, náttfata dag. T.d. einu sinni í mánuði og væri hægt að fá nemendur til að velja.

* Spurning hvort að yngsta stig gæti nýtt námsráðgjafa.

* Meira samstarf milli allra stiga.

* Setja fasta tíma í töflu fyrir skák.

* Halda áfram nýsköpun á yngsta stigi.

* Nýta facebook hóp starfsmanna meira til að segja frá hvað er að gerast á hverju stigi, ef eitthvað er framundan, einhver ferð, einhver hátíð eða verkefni í gangi sem gaman og oft gagnlegt er fyrir alla að vita af. Við erum lítill skóli og oft veit maður ekkert hvað er um að vera á öðrum stigum en gaman er að heyra hvað aðrir eru að gera eða fara, þó það snerti mann ekki beint. Líka vera dugleg að benda á skemmtilegar hugmyndir, ráðstefnur og námskeið sem gætu nýst einhverjum.

* Spurning að breyta til með opnu vikurnar og hafa frekar menntasmiðjur fyrir foreldra þar sem nemendur geta kennt og sýnt hin ýmsu verkefni. Td. ipad, tilraunir, þemaverkefni, sögugerð...hvað sem unnið hefur verið með.

* Vinna og þróa meira menntasmiðjur, fyrir krakkana, fyrir starfsfólk, nemendur kenna starfsfólki og fleira í þeim dúr.

Kennarar yngsta stigs